

Nr. 139 / 13 Dettifoss

Skipverji fær járnflís í auga

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrassyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. maí 2013 var Dettifoss við bryggju í Þórshöfn Færeyjum. Veður: Hægviðri.

Skipverji fékk járnflís í vinstra auga en hann hafði verið að rústberja. Slasaði var sendur til læknis í Rotterdam sem fjarlægði flísina.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var með öryggisgleraugu en taldi mögulegt að hann hefði nuddað flísina sjálfur í augað en mikil óhreinindi voru á vinnusvæðinu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.